

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. desember 2020

Mál nr. E-3220/2019:

A

(*Jóhannes Albert Sævarsson lögmaður*)

gegn

B, C og Vátryggingafélagi Íslands hf.

(*Jón Eðvald Malmquist lögmaður*)

Dómur

1. Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 21. júní 2019, var dómtekið 17. nóvember 2020. Stefnandi er A. Stefndu eru B og C og Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3 í Reykjavík.
2. Stefnandi krefst viðurkenningar á bótaskyldu stefndu og bótaréttar úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar fasteignarinnar X, vegna tjóns stefnanda af völdum slyss sem hann varð fyrir 16. apríl 2013. Auk þess krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefndu eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
3. Stefndu krefjast aðallega sýknu en til vara að skaðabótaskylda verði eingöngu viðurkennd að hluta og að sök verði skipt í málinu. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

4. Stefnandi slasaðist í bakgarði við hús stefndu, B og C, 16. apríl 2013. Var hann staddur þar til að vökva plöntur í garðhýsi þessara stefndu á meðan þau voru erlendis. Stefnandi var þarna á ferð ásamt eiginkonu sinni en stefndu, sem eru vinahjón þeirra til margra ára, höfðu falið þeim umrætt verk á meðan þau voru á ferðalagi erlendis.
5. Tildrög slyssins voru þau að stefnandi rann til og datt þegar hann steig á rúður sem lágu á lóðinni við austurhlíð hússins og voru huldar snjó. Stefnandi datt ofan á rúðurnar og braut tvær þeirra efstu og skarst við það illa á hægri hendi.
6. Í álitsgerð D bæklunarskurðlæknis, sem unnin var að beiðni Sjóvár-Almennra trygginga hf., er áverkum stefnanda lýst og talið að hann búi við 15 stiga varanlegan miska vegna afleiðinga slyssins.

7. Í september 2016 krafði stefnandi hið stefnda váttryggingafélag um bætur úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar fasteignarinnar X. Tryggingafélagið hafnaði kröfunni og taldi slysið ekki að rekja til aðgæsluleysis meðstefndu. Á sama veg var niðurstaða úrskurðarnefndar váttryggingamála í úrskurði um ágreining aðila nr. 78/2018, kveðnum upp 24. apríl 2018.

II.

8. Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilar skýrslu fyrir dómi auk vitnanna E, eiginkonu stefnanda, og F, sem var sjónarvottur að slysinu.
9. Stefnandi kveðst umræddan dag hafa farið ásamt eiginkonu sinni að heimili stefndu, B og C, þeirra erinda að vökva tré sem var í garðhýsi baka til í garði stefndu, í suðausturhorni garðsins. Kvað hann stefndu hafa falið sér verkefnið og bent sér á að fara með fram suðurhlið hússins að garðhýsinu. Þegar stefnandi kom á slysdegi til að sinna þessu verkefni sagðist hann hins vegar hafa ákveðið að fara norðanmegin við húsið því að það hefði verið svo mikill snjór vestan- og sunnanmegin í garðinum en mun minni við norðurhliðina. Þó hafi verið snjóföl yfir öllum garðinum. Kveðst hann síðan ekki hafa séð hvar glerrúðurnar lágu við austurhlið hússins fyrr en hann steig ofan á þær, enda hafi legið snjóföl yfir þeim. Kvaðst hann hafa séð nokkrum dögum fyrr hvar rúðunum hafði verið komið fyrir uppi við vegg hússins en sagðist ekki hafa tekið eftir því að þær væru festar með neinum hætti.
10. Vitnið F, sem býr í [næsta húsi], kvaðst hafa staðið inni í stofu heima hjá sér og séð hvar stefnandi og eiginkona hans komu gangandi með fram norðurhlið húss stefndu. Þegar stefnandi hefði verið rétt kominn fyrir húshornið austan megin kvaðst hann hafa séð hvar hann féll skyndilega. Hann hafi síðan staðið á fætur og komið yfir til vitnisins og séð að hann var talsvert slasaður á hendi og hafi vitnið þegar ekið stefnanda upp á spítala. Vitnið gat ekki borið frekar um aðstæður á slysstað að öðru leyti en því að hann sagði að það hefði verið snjór yfir öllu umræddan dag.
11. Stefndi B bar á sama veg og stefnandi að því er varðaði erindi stefnanda og eiginkonu hans í garðinn. Hvað rúðurnar varðaði sagði hann að hann hefði komið þeim fyrir við austurenda hússins í september árið áður til geymslu og ætlað að nota þær um sumarið. Þetta hafi verið fjórar rúður sem hann hafi límt saman og stillt upp við húsvegginn. Rúðurnar hafi verið nokkurn veginn skorðaðar við sléttan húsvegginn, undir glugga og á milli hraunaðra veggflata beggja megin við gluggastæðið. Þær hefðu legið ofan í grunnnum skurði, um það bil fet á dýpt, sem hann hefði verið búinn að moka frá húsinu, og stífaðar af með einum láréttum hæl sem staðið hefði u.þ.b. hálfan metra upp úr jörðinni. Þannig hafi verið gengið frá rúðunum að hausti og þær hefðu ekki hreyfst síðan og verið þannig frá þeim gengið þegar hann fór til útlanda um það bil viku fyrir slysið.

Kvað hann þann stað sem rúðurnar voru á ekki vera nálægt neinni umferðarleið um garðinn enda væri gengið inn í garðinn við suðurhlið hússins.

12. Ekki er þörf á að rekja frekar framburð vitna og aðila fyrir dómi.

III.

13. Stefnandi byggir á því að slys hans megi rekja til sakar húseigenda að X, stefndu B og C. Það hafi verið óforsvaranlegt af þeim að geyma fjórar glerrúður óvarðar utandyra um vetur. Engar vísbendingar séu í málinu um að gengið hafi verið frá glerinu með tryggilegum hætti þannig að öruggt væri að þær yllu ekki hættu á slysi, svo sem raunin varð. Orsök slyssins sé því að rekja til vanbúnaðar lóðar við húsið.

14. Stefnandi hafi verið á ferð um húsgarðinn að beiðni húseigenda. Hann hafi átt erindi aftur fyrir húsið þar sem garðhýsið er. Á slysdegi hafi verið háir snjóskafar í garðinum, sem gerðu leiðina sunnan megin við húsið illfæra. Hins vegar hafi verið minni snjór norðan megin við húsið og því hafi hann ætlað sér þá leiðina að garðhýsinu. Engar viðvaranir eða merkingar hafi veitt honum vísbendingu um að þar lægju glerrúður undir snjónum.

15. Stefndu B og C hafi verið kunnugt um andlega og líkamlega fötlun stefnanda. Því hafi þau átt að gjalda sérstakan varhug við því að fela honum umrætt verkefni.

IV.

16. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að slys stefnanda hafi verið óhappatilviljun en ekki um að kenna neinni vanrækslu eða sök af hálfu hinna stefndu húseigenda. Ekkert í fyrirbyggjandi gögnum bendi til þess eða staðfesti að frágangur á umdeildum rúðum hafi verið óforsvaranlegur og mótmæla þau því að þeim hafi borið að vara stefnanda sérstaklega við staðsetningu eða frágangi á þeim.

17. Ekkert liggja fyrir í málinu um ástæður þess að rúðurnar hafi legið á jörðinni umræddan dag og sé orsök þess ósönnuð. Þá sé ósönnuð sú staðhæfing stefnanda að hefðbundin leið inn í garðinn, sunnanmegin, hafi verið ófær, þótt vel geti verið að þar hafi verið snjór. Hinir stefndu húseigendur hafi af greiðasemi falið stefnanda og eiginkonu hans að vökva blóm í garðskálanum, þeim hafi ekki verið skylt að sinna því verkefni ef það væri einhverjum erfiðleikum háð og ekki hafi verið gert ráð fyrir neinu endurgjaldi fyrir verkið. Verkefnið hafi verið einfalt, stefndu hafi leiðbeint stefnanda með fullnægjandi hætti, m.a. sýnt honum hvaða leið hann ætti að fara um garðinn og það hafi ekki verið óforsvaranlegt að fela honum þetta verkefni, þrátt fyrir að stefnandi búi við nokkra fötlun.

18. Þar sem engri sök sé til að dreifa af hálfu hinna stefndu húseigenda séu heldur ekki forsendur til greiðslu bóta úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar fasteignarinnar.

19. Varakröfu sína um að sök verði skipt byggja stefndu á því að slysið verði rakið til eigin sakar stefnanda og lítillar sakar hinna stefndu fasteignareigenda.

V.

20. Atvikum máls er lýst að framan, sem og framburði vitna. Ekki er deilt um það í málinu hvernig stefndi B gekk frá umræddum rúðum sem stefnandi féll á svo að hann slasaðist í apríl 2016. Bæði stefnandi og stefndi B bera að hafa séð þær þannig frágengnar skömmu fyrir slysið. Hins vegar er ekki vitað með vissu hvað olli því að rúðurnar lágu við húsvegginn þegar stefnandi átti leið um garðinn. Líkur standa til að þær hafi fokið um koll. Dagana á undan slysdegi hafði kyngt niður snjó [...] og vindur verið talsverður.
21. Ágreiningur málsins lýtur í raun einvörðungu að því hvort það geti talist vanræksla af hálfu húseigenda að X að hafa ekki gengið tryggilegar frá umræddum glerrúðum. Að mati dómsins verða ekki gerðar svo strangar kröfur til eigenda íbúðarhúsa að unnt sé að líta á frágang sem þennan sem bótaskyld aðgæsluleysi þeirra. Í því efni er í fyrsta lagi til þess að líta að stefndi B hafði lagt rúðurnar upp við húsvegg, bakatil í garði sínum þar sem alla jafna er lítil umferð. Til þess að komast að rúðunum fór stefnandi eftir mjóum stíg norðanmegin við húsið sem ekki er sértaklega til þess gerður að vera gangvegur inn í garð stefndu. Meginíverusvæði í garðinum er sunnan- og suðaustan við húsið. Þar er mun rýmra svæði, lagt verönd og göngustígum. Þá var rúðunum þannig fyrir komið, uppi við húsvegginn, að telja verður að lítil hætta hafi skapast af þeim þannig frágengnum. Óvíst er hvenær eða af hvaða ástæðum þær féllu niður. Jafnvel þótt unnt hefði verið að setja rúðurnar á annan stað eða ganga frá þeim með öðrum hætti er ekki unnt að telja það til vanrækslu stefndu að grípa ekki til frekari ráðstafnana. Ekki verður séð að þau hafi áður orðið þess vör að rúðurnar væru ekki örugglega skorðaðar eða að staðsetning þeirra og frágangur hafi almennt séð getað skapað hættu.
22. Þrátt fyrir að fyrir liggja að stefnandi glími við nokkra líkamlega og andlega fötlun er því hafnað að stefndu hafi sýnt af sér gáleysi með því að fela honum og eiginkonu hans að sinna einföldu verki í garðinum. Þá er því jafnframt hafnað að stefndu hafi borið að veita þeim frekari leiðbeiningar við það verk en gert var.
23. Að mati dómsins verður slys stefnanda ekki rakið til annars en hreinnar óhappatilviljunar. Koma þar til nokkrir samverkandi þættir; stefndu voru að heiman og urðu þess því ekki vör að rúðurnar féllu niður, veður spilltist mjög skömmu eftir að þau fóru til útlanda og það olli því að alsnjóa varð á skömmum tíma. Það leiddi svo bæði til þess að stefnandi kaus að fara ekki stystu og eðlilegustu leiðina að gróðurskýlinu, sunnan megin við húsið, og sá auk þess ekki hvar rúðurnar höfðu fallið niður, þar sem snjóföln lá yfir þeim, fyrr en hann steig á þær og hrasaði. Slysið má rekja til þessara samverkandi orsaka og engin þeirra verður metin stefndu til gáleysis eða vanrækslu. Verða stefndu því sýknuð af kröfum stefnanda.
24. Rétt þykir að málskostnaður falli niður á milli aðila. Stefndi nýtur gjafsóknar í málinu. Allur gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, sem er hæfilega ákveðin 750.000 krónur.

25. Mál þetta flutti Jóhannes Albert Sævarsson lögmaður fyrir stefnanda og Jón Eðvald Malmquist fyrir stefndu. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, B, C og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýkn af kröfu stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Jóhannesar Alberts Sævarssonar, 750.000 krónur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir